

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 123/1994.

**Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

**Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni**

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Áfengislög. Uptaka. Fésekt felld niður. Aðfinnslur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. mars 1994 til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttar og upptöku að því frátöldu, að eigi er lengur krafist upptöku á „efnum til áfengisgerðar“.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll ákærvaldið frá heimfærslu til 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969 í ákæru lögreglustjórans í Reykjavík frá 6. desember 1993, þar sem eigi kæmi þar fram í verknaðarlýsingu, að ákært væri fyrir sölu áfengis.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1994 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga fyrir akstur án ökuréttinda 16. desember 1993 og 3. janúar 1994. Refsing ákærða nú verður ákveðin með hliðsjón af þessum dómi, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og samkvæmt reglum 77. gr. laganna. Þykir rétt að staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara, að ákærði sæti fjögurra mánaða fangelsi. Með hliðsjón af framangreindri breytingu á málatilbúnaði af hálfu ákærvalds eru hins vegar ekki lagaskilyrði til þess að dæma ákærða til greiðslu fésektar jafnframt refsivist, sbr. 3. mgr. 33. gr. áfengislaga og 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæruskjölum er krafist upptöku á 410 lítrum af gamba og 88,75 lítrum af sterku áfengi. Rannsóknargögn lögreglu bera með sér, að drýgstum hluta þessa magns hafi verið hellt niður og ekki öðru haldið til haga en 28,75 lítrum af sterku áfengi. Ekki eru skilyrði til víðtækari upptöku en sem því nemur, sbr. 8. gr. áfengislaga.

Þá eru ekki í ákæruskjölunum talin upp öll þau efni og tæki, sem upptökukröfur lúta að, svo sem rétt og skylt var, heldur látið við það sitja að vísa í gögn málsins. Í hinum áfrýjaða dómi er sami háttur hafður á í dómsorði. Er þetta óviðunandi og aðfinnsluvert. Sækjandi málsins fyrir Hæstarétti hefur lagt fram lista yfir þá muni, sem upptöku er krafist á, og verður við hann miðað.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar ákærða, sbr. 2. mgr. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 28,75 lítrum af sterku áfengi, þremur eimingartækjum, þar af einu heitavatnseimingartæki úr ryðfríu stáli með 50 lítra kút og öðru ósamsettu með 50 lítra kút og spíral, fjórum 220 lítra tunnum, einni 200 lítra plasttunnu með loki, fjórum 25 lítra plastbrúsum, tveimur plastbrúsum með froðueyði, 35 plastflöskum og þremur kolasíum.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar ákærða og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1994.**

Ár 1994, föstudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 745/1993: Ákærvaldið gegn Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni sem tekið var til dóms 6. s.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettum 6. og 16. desember sl., á hendur ákærða, Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, Laufengi 90, Reykjavík, kt. 160360-5699, „1. fyrir að

framleiða á þáverandi heimili sínu að Laugavegi 27 í Reykjavík frá síðari hluta júnímánaðar og fram til 18. ágúst 1992 110 lítra af gambra og 70 lítra af sterku áfengi og afhenda Val Bragasyni, kt. 171255-3769, 40 lítra og Svövu Árdísi Jóhannesdóttur, kt. 130765-3769, 30 lítra af sterku áfengi,

2. fyrir að aka bifreiðinni R-10131 að kvöldi laugardagsins 10. júlí 1993 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi frá Laugavegi 27 í Reykjavík um ýmsar götur borgarinnar, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Eiríksgötu,

3. fyrir að framleiða að Laufengi 9 í Reykjavík frá miðjum ágúst 1993 fram til 8. september 100 lítra af gambra og allt að 120 lítrum af sterku áfengi og afhenda 60 lítra af áfenginu til ýmissa aðila“.

Liðir 1 og 3 teljast varða við 7. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og liður 2 við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993. Þess er og krafist, að ákærði sæti upptöku skv. 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á 8 lítrum af sterku áfengi, eimingartækjum og 110 lítrum af gambra auk tækja og efna, sem upp eru talin í máli nr. R-19017/93, skjali nr. 9, bls. 1, og lögreglan lagði hald á við húsleit að Laugavegi 27 laugardaginn 18. ágúst 1992. Einnig er krafist upptöku á 17,25 lítrum af sterku áfengi, sem ákærði framleiddi og lögregla lagði hald á við húsleit að Yrsufelli 5 í Reykjavík föstudaginn 14. ágúst 1992, heimili Vals Bragasonar og Svövu Árdísar Jóhannesdóttur, einnig 100 lítrum af gambra og 60 lítrum af sterku áfengi, auk eimingartækja og annarra tækja og efna, sem talin eru upp í máli nr. R-24139/93, skjal nr. 4 bls. 1, og lögregla lagði hald á að Laufengi 9 miðvikudaginn 8. september 1993“.

#### *Málavextir.*

Ákærði hefur að mestu játað það athæfi sem honum er gefin sök á.

1. Ákærði játar 1. t. fyrri ákæru réttan að öðru leyti en því, að það áfengi, sem hann afhenti Svövu Árdísi, hafi verið 17 lítrar. Nýtur þetta stuðnings af skýrslu hennar. Verður að telja sannað að þetta hafi verið 17 lítrar en ekki 30.

2. Ákærði játar að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti, eins og segir í ákæru. Í blóði hans mældust 1,62‰ af vínanda.

3. Ákærði kannast við að hafa framleitt bæði gambra og sterkt áfengi í Laufengi 9 á þeim tíma, sem greinir í ákæru. Hafi þetta verið 100 lítrar af gambra en aftur á móti hafi hann ekki framleitt nema 80 lítra af sterku

áfengi. Kveðst ákærði einungis hafa afhent 15–20 lítra til vina og vinnufélaga. Ekki hafi komið greiðsla fyrir þetta. Nánar spurður um eimingu segist hann hafa soðið tvisvar upp úr 200 lítra tunnu, og hafi hann fengið um 80 lítra samtals af sterku áfengi út úr því. Þá segist ákærði hafa verið byrjaður að sjóða upp úr þeirri þriðju þegar húsleit var gerð hjá honum, og segir hann, að úr þeirri suðu hafi getað verið komnir 2–4 lítrar af 70–75% vínanda. Segir ákærði þann landa, sem hjá honum fannst, hafa verið þetta og það sem hann var áður búinn að sjóða. Ákærði kveðst hafa ætlað að veita þetta í brúðkaupsveislu sinni sem haldin var nokkrum dögum seinna. Ekkert í sakargögnunum hnekkir þessari skýrslu ákærða og verður að byggja á henni.

4. Ákærði viðurkennir að hafa lagt í 200 lítra á heimili sínu eins og lýst er í síðari ákæru. Aftur á móti segir hann, að þessi þrír og hálfur lítri, sem fundust 2. þ.m., hafi verið úr fyrri lögum og lögreglunni yfirsést, þegar hún gerði hjá honum húsleit síðast. Ákærði tekur fram að vínandamagn í gambranum hafi verið undir lágmarki áfengislaganna. Bendir hann á í þessu sambandi að sýnið hafi ekki verið rannsakað fyrr en 7–8 dögum eftir að það var tekið og því hafi það gerjast í millitíðinni og farið yfir mörkin. Fram er komið að ákærði blandaði saman 180 lítrum af vatni, 45 kg af sykri og 1,5 kg af geri og kom gerð í lögum þessa. Verður að telja að þessar afhafnir ákærða séu tilbúningur áfengis í skilningi III. kafla áfengisлага og skiptir þá ekki máli hvort áfengismagnið var orðið 2,25%, þegar gerð var húsleit hjá honum, eða hvort gerjun hélt áfram í sýni því, sem tekið var úr tunnunni.

Með þessum athugasemdum telst ákærði vera sannur að því atferli sem honum er gefin sök á í ákæruskjöllum. Er það allt réttilega fært til refsíákvæða í þeim.

Ákærði hefur til þessa hlotið fimm dóma fyrir ýmisleg brot. Síðast var hann dæmdur 26. apríl sl. í Bremerhaven í Pýskalandi í 2ja ára fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir stórfellt fíknilagabrot. Þá hefur hann verið sektaður margsinnis fyrir ýmis brot, þar af fyrir áfengissölu 1985 og áfengisbruggun 1986, ölvun við akstur 1989 og 1992 og réttindaleyfi við akstur það sama ár. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans og málavöxtum vera hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða 300.000 krónur í sekt og komi 2ja mánaða fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsuppsögu.

Svipta ber ákærða ökurétti ævilangt frá 28. janúar að telja.

Með heimild í 8. gr. áfengisлага og 69. gr. almennra hegningarlaga ber að

dæma ákærða til þess að sæta upptöku á áfengi svo og efnum og tækjum sem ákærði ýmist notaði við áfengistilbúning eða ætlaði til þess og hald var lagt á hjá honum, sem hér segir:

1. Á Laugavegi 27 15. ágúst 1992: Tækjum sem ákærði notaði til þess að eima áfengi, 100 kg af sykri, 2 tunnum með gambra, tveimur plastpokum með tónum flöskum, 4 plastflöskum með landa, 6 þökkum af geri, kolasíu og 3 plastbrúsum sem taka 25 lítra.

2. Í Laufengi 9 8. september sl.: Tækjum sem ákærði notaði til þess að eima áfengi, 2 tunnum með gambra, plastbrúsum með 125 lítrum af landa, 20 kg af sykri, kolasíu, kassa með plastflöskum og þremur pokum með plastflöskum.

3. Á sama stað 2. desember sl.: Ósamsettum tækjum ætluðum til eimingar áfengis, 200 lítra plasttunnu með gambra, 25 lítra plastbrúsa, kolasíu, 2 brúsum með froðueyði og 2 plastflöskum.

Ekki þykja vera skilyrði til þess að gera upptækan þann vökva sem hellt var niður og fór þannig forgörðum.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og þóknun til verjanda síns, Brynjars Nielssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði 300.000 krónur í sekt og komi 2ja mánaða fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá 28. janúar 1994 að telja.

Ákærði sæti upptöku á 88,5 lítrum af sterku áfengi, 210 lítrum af gambra auk allra tækja og efna til áfengisgerðar og eimingar áfengis sem hald var lagt á hjá ákærða 18. ágúst 1992 á Laugavegi 27, 8. september og 2. desember 1992 í Laufengi 9.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og þóknun verjanda síns, Brynjars Nielssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.